

**8. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
26. mars 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Sævar Jónsson varamaður, Björn Guðmundsson varamaður, Kristinn Pétursson varaáheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1403126 - Vinnuskóli Akraness.**

Kynning á starfssemi vinnuskólans fyrir sumarið 2015.

*Rekstarstjóri vinnuskóla kynnti starfsemi vinnuskólans fyrir sumarið 2015. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir launataxta og staðfestir drög að vinnutíma 14 til 17 ára unglinga samkvæmt meðfylgjandi greinargerð rekstrarstjóra vinnuskóla dagsett í mars 2015.*

**2. 1411099 - Aðalsk.breyting - Þjóðvegur 13-15**

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi lögð fram.

*Kynning skipulagslýsingar hefur farið fram, haldinn var kynningarfundur í bæjarþingsalnum mánudaginn 23. mars sl.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**3. 1402153 - Deilisk. - Miðvogslækjarsvæði, Þjóðvegur 13 - 15**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lögð fram.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**4. 1501399 - Deilisk.- Breiðarsvæði lóðir HB Granda hf.**

*Staða málsins kynnt.*

**5. 1407007 - Deilisk.- Breið**

Lagfært deiliskipulag lagt fram.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt með breytingum í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar.*

EB

**6. 1401166 - Faxabraut 3 - leiga á húsnæði**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að eignarhluti bæjarins verði auglýstur til sölu eða leigu.

**7. 1503146 - Fundargerðir 2015 - Fasteignafélag Akraness ehf.**

9. og 10. fundargerðir Fasteignafélags Akraness ehf. lagðar fram til kynningar.

**8. 1503148 - Fundargerðir 2015 - Fasteignafélag Akraness slf.**

29. og 30. fundargerðir Fasteignafélags slf. lagðar fram til kynningar.

**9. 1411188 - Styrkir til viðhalds fasteigna á Akranesi - sjóður**

Skipuags- og umhverfisráð leggur til að umsóknarfrestur um styrki til viðhalds fasteigna verði framlengdur. Úthlutunarreglur verði skoðaðar með tilliti til ábendinga sem fram hafa komið.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Eira Þorvaldur  
Gover  
Keritas Gonsdóttir  
Vælgæðis S.P.  
Krishti  
Sigrundur Páll Hardarson  
Juldm Bjarnadóttir  
Sæpía Sigurþórsdóttir.